



Alþingi
Erindi nr. P 143/719
komudagur 19.12.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar

Reykjavík 19. desember 2013

Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

1309036SA TP
Málalykill: 401

Efni: Frv. til breyt. á lögum um húsaleigubætur (réttur námsmanna innan sama sveitarfélags) – 147. mál 143. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. desember sl., þar sem ofangreint þingmál var sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Starfandi er samráðsnefnd sem falið hefur verið að fylgjast með framkvæmd laga um húsaleigubætur. Nefndin er skipuð á grundvelli 10. gr. reglugerðar nr. 118/2003 um húsaleigubætur, og samanstendur af fulltrúum frá sambandinu og velferðarráðuneytinu. Hlutverk nefndarinnar er að vera samráðsvettvangur ríkis og sveitarfélaga varðandi framkvæmd og þróun húsaleigubótakerfisins. Samkvæmt reglugerðinni skal nefndin fjalla um tillögur um breytingar á lögum um húsaleigubætur og reglugerð þar að lútandi, meta kostnað slíkra breytinga og önnur áhrif. Einnig skal nefndin miðla upplýsingum til sveitarfélaga.

Nefndinni hafa borist ýmsar ábendingar um framkvæmd húsaleigubótakerfisins, þar á meðal um þau tilvik sem eru tilefni ofangreinds frumvarps. Nefndin hefur ekki tekið afstöðu til slíkra ábendinga en ljóst er að margvísleg álitamál um jafnræði og samræmi koma upp, ef ætlunin er að víkja frá þeim meginreglum sem gilt hafa um húsnæðisstuðning til námsmanna. Er þá enn fremur haft í huga að fleiri breytingatillögur hafa verið til umfjöllunar, sbr. 72. mál yfirstandandi löggjafarþings. Í umsögn sambandsins um það þingmál var vísað til þess að vinna við framtíðarskipan opinbers húsnæðisstuðnings standi yfir. Talið var að umrætt þingmál væri ekki tímabært, enda ættu lagabreytingar og aðrar ráðstafanir í þágu námsmanna að haldast í hendur við almennar aðgerðir stjórnvalda í húsnæðismálum.

Sambandið lýsir yfir sömu afstöðu til ofangreinds frumvarps en tekur jafnframt undir nauðsyn þess að álitamál um húsnæðisstuðning til námsmanna verði skoðuð. Sambandið mun fyrir sitt leyti koma sjónarmiðum um þetta á framfæri í vinnu við framtíðarskipan húsnæðismála.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri